

**SAMNINGUR
UM GÖTUGÖGN
MILLI
GARÐABÆJAR
OG
AFA JCDECAUX ÍSLAND ehf.**

Dagsetning

**Garðabær (héðan í frá nefndur GBR) og
AFA JCDecaux Ísland ehf. (héðan í frá nefnt AFA JCD)
gera með sér svofelldan samning um
biðskýli og kynningar- og auglýsingatöflur í bænum:**

1. TILGANGUR OG UMFANG SAMNINGS

- a. Samningurinn felur í sér að AFA JCD, sem hefur sett upp 6 biðskýli á biðstöðvum í GBR skv. samningi aðila frá 14. október 2002, heldur einkarétti sínum til reksturs umræddra biðskýla. AFA JCD sér um rekstur þessara biðskýla að öllu leyti án þess að kostnaður leggist á GBR, sjá þó liði 6.c. og 6.e. í samningnum.

AFA JCD fjármagnar rekstur götugagnanna með sölu auglýsinga báðum megin á annan gafl biðskýlanna og öðrum megin á kynningar- og upplýsingatöflunum.

- b. Tilgangur samningsins er að tryggja GBR ofangreind götugögn sem uppfylla strangar kröfur um gæði og hagkvæmni. Á móti er AFA JCD tryggt að aðrir aðilar fái ekki að setja auglýsingar utan á fasteignir í einkaeigu bæjarins og í bæjarlandinu innan 50m fjarlægðar (radius) frá götugögnum AFA JCD. Ákvæðið tekur ekki til lausra auglýsingaskilta vegna einstakra atburða í bænum s.s. auglýsinga um íþróttaleiki. AFA JCD sér um að setja ofangreind götugögn upp í GBR, taka þau niður og annast hreingerningar og viðhald á þeim, skv. skilgreiningu í samningi þessum. AFA JCD fær á móti rétt til að setja upp biðskýli með auglýsingaspjöldum ásamt því að selja auglýsingar á þennan búnað eins og skilgreint er í lið 1.a.

2. SAMNINGSTÍMI

- a. Samningurinn tekur gildi þann 1. júlí 2018 og gildir til 30. júní 2028. Eftir 30. desember 2027 hefur hvor aðili um sig rétt til að tilkynna skriflega um lok samningsins innan 6 mánaða en ella framlengist samningurinn um 5 ár.

3. BÚNAÐUR

- a. Samið hefur verið um að áður uppsett götugögn skv. samningi aðila frá 14. október 2002 verði áfram á þeim stað, sem þeim var komið fyrir á. Er þar um að ræða:

i. Biðskýli

Sett hafa verið upp 6 upplýst biðskýli, hönnuð af Knud Holscher MAA IDD, eins og sýnd eru í viðauka A og lýst er í viðauka A1.

Í hverju biðskýli er loftljós, sérstaklega hannaður bekkur og handrið fyrir hreyfihamlaða. Einnig opnanleg tafla fyrir leiðarkort og aðrar upplýsingar Strætó bs.

Merki Strætó bs. og Garðabæjar eru á bakhlið upplýsingatöflunnar.

Þar sem við á, að mati GBR, setur AFA JCD aukagler í framhlið biðskýla, sem lokar 1/3 af framhliðinni.

Biðskýlin voru afhent með grænum RAL 6009 lit á yfirborði.

GBR heimilar AFA JCD að setja auglýsingaspjöld (1750x1200 mm) í tvíhliða ljósakassa í hverju biðskýli. Auglýsingakassinn er hafður í öðrum gaflinum samkvæmt samkomulagi GBR og AFA JCD. Ef sett eru upp biðskýli í tvöfaldri lengd má setja upp tvo auglýsingakassa.

ii. Kynningar- og auglýsingatöflur

AFA JCD heldur rétti sínum skv. sérsamningi um uppsetningu á kynningar- og upplýsingatöflum. Þær eru hannaðar af Knud Holscher, sýndar í viðauka C og lýst í viðauka C1. Önnur hlið hverrar kynningar- og auglýsingatöflu er ætluð GBR. Hina hliðina nýtir AFA JCD til að setja auglýsingaspjöld (1750x1200 mm). AFA JCD á val um hvor hliðin er notuð til auglýsinga.

4. UPPSETNING OG TÍMAÁÆTLUN

- a. Skv. samningi aðila frá 14. október 2002 bar AFA JCD að útvega og setja upp götugögnin og bera af því allan kostnað, þar með talinn kostnað við að steypa undirstöður. Yfirborði sem raskaðist skyldi komið í samt lag á ný undir eftirliti gatnadeildar. Yrði þörf á nýju eða viðbótar yfirborðsefni skyldi GBR kosta það, en AFA JCD leggja það á sinn kostnað. GBR ábyrgðist að AFA JCD þurfi ekki að kosta förgun á mold, múrbrotum eða þess háttar, en AFA JCD kostar flutning af verkstað. Komi til endurnýjunar á einhverjum götugögnum innan GBR skal um þá vinnu gilda sama fyrirkomulag.
- b. GBR kostar lögn heimtauga að götugögnum og stendur straum af öllum kostnaði við það, þ.m.t. að koma yfirborði gatna í samt lag á ný.
- c. AFA JCD ber að tilkynna GBR um framkvæmdir áður en þær hefjast, afla sér tilskilinna leyfa og sækja um heimtaugar til viðeigandi orkufyrirtækis. GBR bætir AFA JCD allan kostnað vegna tilskilinna leyfa.
- d. AFA JCD gerir tímaáætlun um uppsetningu á götugögnum og skal hún samþykkt af GBR. GBR ábyrgist að lagnir sem nefndar eru í lið 4.b. séu lagðar áður en uppsetning hefst skv. tímaáætluninni.
- e. Rafkerfi götugagna verða tengd götuljósakerfi bæjarins um heimtaug og loga á sama tíma og almenn götulýsing.

5. STAÐSETNING

- a. Staðarval hinna umsömdu götugagna er hið sama og ákveðið var í samningi aðila þann 14. október 2002 með þeim breytingum sem orðið hafa á samningstímanum fram til þessa dags.
- b. GBR lætur í té nauðsynlegt svæði í sinni eign fyrir götugögnin og uppsetningu þeirra án greiðslu. AFA JCD hefur aðeins rétt á að nota umsamin svæði undir götugögn.
- c. GBR ber ábyrgð á að staðsetning sem valin er sé í samræmi við lög og reglur.
- d. Þurfi að flytja götugögn, sem búið er/verið er að setja upp, vegna krafna frá yfirvöldum eða aðstæðna sem sjá mátti fyrir, stendur GBR straum af flutningskostnaði.

6. VIÐHALD OG ÞRIF

- a. AFA JCD stendur straum af kostnaði við hreingerningar og viðhald og ábyrgist eftirfarandi:
 - i. Að búnaðurinn sé ætíð í góðu og snyrtilegu ásigkomulagi;
 - ii. Að búnaðurinn sé þrifinn að minnsta kosti hálfsmánaðarlega;
 - iii. Að víðtækari hreingerningar (s.s. loft, ljósastæði) eigi sér stað á u.þ.b. 45 daga fresti;
 - iv. Að hreingerningar valdi ekki vanda eða ógni öryggi, s.s. vegna hálkumyndunar eða annarra orsaka.

AFA JCD ber að útvega nauðsynlegan mannafla, tækjabúnað og efni, þar með talið vatn, til hreingerninga á götugögnum. GBR er AFA JCD innan handar við að vísa á vatnshana.

- b. Sé um neyðartilvik að ræða, t.d. vegna umferðarslyss, getur GBR umsvifalaust gripið til nauðsynlegra aðgerða til þess að fjarlægja það sem stefnt getur öryggi vegfarenda í hættu. AFA JCD skal við þær aðstæður þegar í stað gert viðvart svo hægt sé að grípa til nauðsynlegra aðgerða.
- c. AFA JCD ber ábyrgð á því að skipta um ljósaperur, ljósarör og þess háttar fyrir eigin reikning. AFA JCD skal, eftir því sem frekast er mögulegt, nota orkusparandi ljósgjafa í götugögnunum. Raforkukostnaður vegna raforkunotkunar í götugögnunum greiðist af GBR.
- d. AFA ber ábyrgð á að skipta um alla þá hluta búnaðarins sem verða fyrir skemmdum. Um leið áskilur AFA JCD sér allan rétt gagnvart mögulegum tjónvaldi.
- e. GBR ber ábyrgð á hreingerningum, snjómokstri og aðgerðum gegn hálfu í/og umhverfis götugögnin skv. stöðlum bæjarins þar um, sjá þó lið 6.a.

- f. AFA JCD annast viðhald á raflögnum götugagnanna frá tengistað heimtaugar rafveitu á sinn kostnað.

7. VIÐBÆTUR

- a. AFA JCD setur, á sinn kostnað, sérstaka opnanlega upplýsingatöflu sem ætluð er fyrir leiðarkort og aðrar upplýsingar Strætó bs., á glersvæðið á miðjum bakvegg hvers biðskýlis.
- b. AFA JCD setur, á sinn kostnað, merki GBR á öll biðskýlin. Skal það sett á bakhlið ofangreindrar upplýsingatöflu, sbr. lið 7.a.
- c. AFA JCD lætur framleiða, á sinn kostnað, leiðarkort í 4 litum fyrir Strætó bs. Kortið er ætlað í upplýsingatöflurnar í biðskýlunum, sbr. lið 7.a., og er uppfært fimmta hvert ár af AFA JCD. Ef þörf er á tíðari uppfærslu eða endurprentun ber Strætó bs. kostnað þar af.

8. FLUTNINGUR GÖTUGAGNA

- a. Óski bæjaryfirvöld að flytja götugögn AFA JCD, t.d. þegar um breytingar á umferð eða skipulagi umferðar er að ræða eins og t.d. vegna borgarlínu, ber AFA JCD skylda til að taka götugögnin niður og setja þau upp á nýjum stað sem samkomulag hefur orðið um á milli AFA JCD og GBR. AFA JCD ber allan kostnað að undanskildum kostnaði við aftengingu og lögn á heimtaug að götugagninu. Kostnaður AFA JCD takmarkast við flutning að hámarki tveggja götugagna á hverju ári. Mögulegur kostnaður við frekari flutning fellur á GBR.
- b. Ef AFA JCD óskar eftir að flytja götugögn sín, stendur AFA JCD straum af kostnaði við að taka búnaðinn niður og koma honum upp á ný ásamt kostnaði við aftengingu og lögn á heimtaug. Sækja þarf um leyfi til þannig flutninga hjá GBR. Allur kostnaður við að koma götuyfirborði í samt lag á ný undir og umhverfis götugögnin sem flutt eru, fellur á AFA JCD.

AFA JCD er í öllum tilfellum óheimilt að breyta hönnun götugagna án samþykkis GBR.

9. TAKMÖRKUN AUGLÝSINGA

- a. Á gildistíma þessa samnings hefur AFA JCD einkarétt til auglýsinga á biðskýlum í Garðabæ sem eru í eigu AFA að því leyti sem skilgreint er í lið 1.a. og er það forsenda þess að AFA JCD lætur bænum þau götugögn í té.
- b. AFA JCD ábyrgist að gerð og innihald auglýsinganna sé í samræmi við ákvæði íslenskra laga um auglýsingar og markaðssetningu, siðareglur íslenskra auglýsingastofa og alþjóðlegar auglýsingareglur.
- c. Á samningstímanum skuldbindur GBR sig til þess að leyfa ekki auglýsingar utan á fasteignum í einkaeigu bæjarins og í bæjarlandinu í minna en 50 m fjarlægð (radius) frá

götugögnum AFA JCD. Berist GBR tilkynning frá AFA JCD um að auglýsing brjóti í bága við ákvæði þetta, ber GBR að hlutast til um að auglýsingin sé fjarlægð án tafar.

- d. Samningur þessi hefur að öðru leyti ekki áhrif á leyfi til uppsetningar auglýsingaskilta sem fyrir eru og/eða samið hefur verið um á fasteignum bæjarins og í bæjarlandinu fyrir undirritun hans.

10. EIGNARHALD

- a. Götugögn sem AFA JCD hefur sett upp eru eign AFA JCD. AFA JCD ber á þeim ábyrgð, þ.m.t. gagnvart þriðja manni. AFA JCD er skylt að hafa ávallt fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

11. SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR

- a. Ef utanaðkomandi aðstæður breyta að verulegu leyti grundvellið fyrir starfsemi AFA JCD í GBR, t.d. vegna banns við auglýsingum í hluta bæjarins, takmarkana á aðgangi auglýsenda til að auglýsa eða annars, getur AFA JCD farið fram á að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar. Breytingin gæti t.d. falist í fækkun götugagna eða minni þjónustu af hendi AFA JCD eða fjölgun auglýsingaskilta á öðrum stöðum innan bæjarins.

12. VANEFNDIR

- a. Ef AFA JCD stendur ekki við skyldur sínar um þrif og viðhald að mati GBR og ekki hefur verið bætt úr 48 klst. (að undanteknum almennum frí- og helgidögum) eftir skriflega tilkynningu frá GBR, hefur GBR rétt til úrbóta á kostnað AFA JCD.
- b. GBR hefur rétt á að segja upp samningi þessum ef AFA JCD stendur ekki við mikilvæga þætti hans. Dæmi um mikilvæga þætti eru uppsetning götugagna og reglubundin þrif og viðhald á þeim.
- c. Uppsögn á grundvelli alvarlegra brota á samningnum byggist á því að AFA JCD hafi tvívegis fengið viðvörðun vegna sama atriðis og ekki bætt úr. Sé um að ræða atriði er varða uppsetningu og meginreglur hönnunar götugagna gildir 30 daga frestur milli viðvarana, en 20 daga frestur sé um að ræða almenn þrif og viðhald. Samkomulaginu er fyrst hægt að segja upp 30 dögum eftir að síðari viðvörðun bars AFA JCD í hendur. Uppsögn skal vera skrifleg með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Uppsögnin fellur sjálfkrafa úr gildi hafi AFA JCD bætt úr fyrir þann tíma.
- d. GBR er heimilt að segja upp samningi þessum ef AFA JCD tilkynnir greiðslustöðvun. Þó hefur AFA JCD fjögurra vikna frest til að tilkynna hvort það eða annað fyrirtæki standi við skuldbindingar AFA JCD skv. samningnum. Áskilið er að GBR hafi ekkert við það fyrirtæki að athuga hvað varðar fjárhagslega og faglega getu.

Verði AFA JCD gjaldþrota er GBR heimilt að segja upp samningi þessum án fyrirvara. Þó hefur AFA JCD möguleika á að tilkynna hvort það eða annað fyrirtæki standi við skuldbindingar AFA JCD skv. samningnum eins og skilgreint er að ofan. Áskilið er að GBR hafi ekkert við það fyrirtæki að athuga hvað varðar fjárhagslega og faglega getu.

- e. Við neyðaraðstæður („force majeure“) á borð við verkfall, verkbann eða því um líkt, sem t.d. valda skorti á varahlutum, ber AFA JCD, um leið og neyðaraðstæður skapast, að tilkynna GBR það skriflega, greina frá ástæðum þeirra og hve lengi búast má við að þær vari.

Ef neyðaraðstæður skapast eða ef ómögulegt er að útvega varahluti og framkvæma viðgerð innan tilskililins tíma og GBR hefur fengið skriflega tilkynningu um það er AFA JCD laust undan viðhaldsskyldum sínum á meðan ástandið varir. Um leið og hindrunin er úr vegi skal viðgerð framkvæmd innan 48 klst. (að undanteknum almennum frí- og helgidögum).

13. ALMENNT

- a. AFA JCD skuldbindur sig til að gæta þess að hinir ýmsu hlutar tæknibúnaðarins uppfylli lagalegar kröfur hverju sinni, þ.m.t. tæknilegir tengiskilmálar rafveitu. Ef breytingar á lögum, reglugerðum eða tengiskilmálum eða gerð samnings kalla á breytingar á eða í uppsettum götugögnum stendur AFA JCD straum af þeim kostnaði.
- b. GBR getur ekki krafist breytingar á hönnun götugagnanna, formi þeirra, byggingu eða raflögnum svo lengi sem þau uppfylla kröfur gildandi laga og samnings þessa. Ef ný hönnun götugagna kemur fram hjá AFA JCD á samningstímanum geta aðilar þó tekið upp samningsviðræður um að skipta um götugögnin.
- c. Setji GBR upp eða heimili uppsetningu á t.d. umferðarskiltum, öðrum skiltum, súlum, trjágróðri, símaklefum, stöðumælakössum, reiðhjólagrindum, söluturnum eða því um líku í næsta nágrenni þeirra götugagna sem AFA JCD hefur sett upp, hefur AFA JCD rétt til að gera athugasemd. Ef staðsetningin hindrar á nokkurn hátt útsýni til auglýsinganna eða veldur erfiðleikum við viðhald og þrif á götugögnunum, ber GBR að taka tillit til óska AFA JCD. Ef GBR stendur fast á þessari staðsetningu, getur AFA JCD farið fram á að teknar verði upp samningaviðræður um nýja sambærilega staðsetningu á þeim götugögnum sem AFA JCD hefur sett upp og ber þá GBR að greiða fyrir flutninginn með sama hætti og skilgreint er í lið 8.a.
- d. Ef lögð verða á gjöld, leiga, skattur eða því um líkt sem tengist götugögnunum, nýtingu þeirra á götu- eða landsvæðum eða auglýsingum á götugögnunum og þessi gjöld, eða hluti þeirra, ganga til GBR ber GBR að bæta AFA JCD það tjón að fullu sem félagið verður fyrir af þessum sökum.
- e. Breytingar og viðbætur við þennan samning skulu vera skriflegar.
- f. Þessi samningur útilokar ekki möguleika á síðari viðbótum um götugögn í samræmi við nánara samkomulag samningsaðila.
- g. Þegar samningurinn gengur út gildi skal AFA JCD taka niður þau götugögn sem sett hafa verið upp og færa yfirborð gatna í samt lag á ný á sinn kostnað. Sá tími, sem tekur að

fjarlægja götugögnin, er samningsatriði og getur verið allt frá 6 til 9 mánuðir að óskum GBR. Ef götugögnin hafa ekki verið fjarlægð og yfirborð gatna fært í samt lag á ný að þeim tíma liðnum, hefur GBR rétt til að fjarlægja búnaðinn og færa yfirborð gatna í samt lag á ný á kostnað AFA JCD.

- h. Rísi mál af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Deilur um efndir og túlkun á samningi þessum skulu útkljáðar skv. íslenskum lögum.

14. ÝMIS ATRIÐI

- a. Ef götugögnin verða fyrir alvarlegum og endurteknum skemmdarverkum, getur AFA JCD að vild breytt framleiðslunni eða hlutum hennar til að auka viðnámsstyrk. Þó skal áfram staðið við þær meginreglur í hönnun sem nefndar voru í grein 3. Með samkomulagi við GBR getur AFA JCD einnig flutt götugögnin á annan stað við slíkar aðstæður.

Garðabæ,

2018

F.h. AFA JCDecaux Ísland ehf.

F.h. Garðabæjar,

Vitundarvottar:
